

Fundargerð

185. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 17. ágúst 2016 kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. **B. Jensen ehf, kt. 440698-2989, Lóni 601 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir brennslu sláturúrgangs í áhættuflokki 1 og 2 (allt að 20 tonnum á ári).**

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti umsókn, starfsleyfistillögu og athugasemdir sem hafa borist í framhaldi af auglýsingu. Eftirfarandi var bókað:

Starfsleyfi samþykkt til 12 mánaða. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að meta reynsluna af rekstri brennsluofns á næstu mánuðum; sérstaklega m.t.t. loftmengunar gagnvart nágrönnum.

2. **Norðlenska ehf, kt. 500599-2689, Grímseyjargötu, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir brennslu sláturúrgangs í áhættuflokkum 1 og 2 (allt að 120 tonnum á ári).**

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti umsókn, starfsleyfistillögu og athugasemdir sem hafa borist í framhaldi af auglýsingu. Eftirfarandi var bókað:

Starfsleyfi samþykkt til 12 mánaða. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að meta reynsluna af rekstri brennsluofns á næstu mánuðum; sérstaklega m.t.t. loftmengunar gagnvart nágrönnum.

Önnur mál:

Í framhaldi af umsóknum sláturleyfishafa á Kópaskeri, Húsavík, Akureyri og í Hörgársveit um starfsleyfi fyrir brennslu sláturúrgangs; þá óskar heilbrigðisnefnd eftir upplýsingum frá viðkomandi sveitarfélögum um hver staðan er á skipulagningu sameiginlegs brennsluúrræðis sveitarfélaga á Norðurlandi.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.30

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Hjördís Stefánsdóttir

Þorkell Björnsson

Benedikt Kristjánsson

Þórey Agnarsdóttir

Þórarinn Þórisson

María Markúsdóttir

Hólmfríður G. Jónsdóttir

Kristín Halldórsdóttir